

Ed.

14. Frumvarp til laga

um eignaraukaskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Brynjólfur Bjarnason.

1. gr.

Á árinu 1944 skal leggja sérstakan skatt á eignaraukningu, sem orðið hefur á árunum 1940, 1941, 1942 og 1943 og er umfram 100 þús. krónur hjá hverjum skattþegni, enda nemi skuldlaus eign hans að skattinum frádregnum eigi lægri upphæð. Skatturinn reiknast þannig:

Af 100—200 þús. kr. greiðist 20% af því, sem er umfram 100 þús. kr.

Af 200 þús. til 1 millj. kr. greiðist 20 þús. af 200 þús. og 25% af afgangi.

Af einni millj. kr. greiðist 220 þús. kr. og 30% af því, sem er þar fram yfir.

2. gr.

Pegar skattskyld eignaraukning er ákveðin, skal draga frá eigninni 1. jan. 1940 þá fjárhæð, sem greidd var í útsvar, tekjuskatt, stríðsgróðaskatt, samvinnuskatt og eignarskatt á því ári, og á sama hátt skal draga þessi gjöld, á lögð 1944, frá eigninni í árslok 1943. Frá eignaraukningunni skal draga það fé, sem lagt hefur verið í nýbyggingarsjóð útgerðarfyrirtækis og varasjóð samvinnufélags, áður en eignar-

aukaskattur er á lagður. Eignarauki, sem stafar af útborgun líftryggingafjár, örorku-
eða dánarbóta, er ekki skattskyldur samkv. lögum þessum.

3. gr.

Við ákvörðun eignaraukningar samkvæmt 2. gr. skal farið eftir framtölum skatt-
þegna, eins og skattanefndir hafa frá þeim gengið við álagningu tekju- og eignar-
skatts. Þó skal um fasteignir, skip og aðrar eignir, sem skattþegn hefur eignast á
fyrrgreindu tímabili, miða við það verð, sem hann hefur greitt fyrir eignirnar.

Nú telur skattþegn, að eignaraukning, sem fram kemur á framtali hans, sé ekki
raunveruleg, heldur fram komin vegna tilfærslu á eignum, og á hann þá rétt á að
láta fara fram mat á eignabreytingu sinni. Ríkisskattanefnd skal framkvæma mat
þetta, en tilnefnt getur hún þó þrjá menn, er framkvæmi matið, þegar sérstaklega
stendur á eða ef skattþegn er búsettur utan Reykjavíkur. Við matið skal farið eftir
því, hvort skattþegn teljist raunverulega betur stæður fjárhagslega eftir eignatil-
færsluna.

Nú leikur vafi á því, að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt
kaupverð eða kostnaðarverð eignar, og skal þá ríkisskattanefnd meta eignina eða
skipa menn til þess samkv. 3. málsg.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd eignamats og þar á
meðal um alla fresti í sambandi við rétt skattþegna til að óska mats og matsmanna
til að fullgera matsgerð sína.

4. gr.

Um álagningu skattsins, gjalddaga, innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt
og viðurlög fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt,
en nánari ákvæði setur fjármálaráðherra með reglugerð, og skal þar m. a. setja
ákvæði til tryggingar réttum framtölum, svo sem með nafnskráningu verðbréfa.

Heimilt skal fjármálaráðherra, að fengnum tillögum ríkisskattanefndar þess
efnis, að veita greiðslufrest á nokkrum hluta eignarskatts, allt að 3 árum, ef sér-
staklega stendur á, svo sem ef eignaraukinn er bundinn í atvinnutækjum eða nauð-
synlegum birgðum.

5. gr.

Fé því, sem aflast samkvæmt lögum þessum, skal varið þannig, að $\frac{1}{3}$ þess gangi
til alþýðutrygginga og byggingar verkamannabústaða, $\frac{1}{3}$ til raforkusjóðs, byggingar
nýbýla og landnáms í sveitum og $\frac{1}{3}$ til framkvæmdasjóðs ríkisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþingi og náði þá samþykki efri deildar, en dag-
aði uppi í neðri deild. Er frv. nú flutt eins og það var afgreitt frá efri deild.

Eftirfylgjandi greinargerð fylgdi frv. á síðasta þingi:

„Þrjú síðustu ár hefur meira fé safnast í eign einstakra manna en nokkru
sinni fyrr eða nokkurn óraði fyrir. Samkv. skattskýrslum mun láta nærri, að eignar-
aukning skattgreiðenda á 2 árum, 1940 og 1941, sé talin 70 millj. króna. Virðist
því eigi fjarri sanni að áætla tilsvarendi eignaraukningu allra árána þriggja a. m. k.
100 millj. króna. Er þá að visu ekki tekið tillit til mismunarins á sköttum á árinu
1940 og væntanlegum sköttum 1943. En hins vegar er þess að gæta, að fasteignir
munu taldar með fasteignamatsverði og mat annarra eigna lítið breytt, jafnvel
þótt eigendaskipti hafi orðið. Og loks er þess að gæta, að verðbréfaeign og inn-
stæðufé hefur aukizt stórkostlega, en ætla má, að mikið skorti á, að þær eignir

komi allar fram á eignaframtölum. Innstæðufé í bönkum var t. d. um síðustu áramót talið yfir 350 millj. króna.

Stórmikill hluti eignaraukningarinnar er hreinn stríðsgróði, gróði, sem eigendum hefur fallið í skaut fyrir viðburðanna rás eingöngu. Á þetta fyrst og fremst við um alla meiri háttar auðsöfnun, en samkv. frv. er ætlað til, að skatturinn taki aðeins til hennar, þar sem 80 þús. kr. eignarauki er algerlega undanþeginn skatti.

Flestir gera ráð fyrir því, að verðlag breytist til lækkunar eftir styrjöldina og að því verði samfara margháttadir atvinnuörðugleikar. Hins vegar bíða verkefni, hvert sem litið er, verkefni, sem ekki verða innt af hendi nema með stuðningi ríkisins. En fjársöfnun ríkissjóðs hefur á engan hátt nálgast það að svara til þessara verkefna og enn síður til auðsöfnunar einstakra manna. Þá er þess og að gæta, að af misskiptingu auðsins hlýtur að leiða enn stórfelldara misræmi í tekjuskiptingu milli einstaklinganna í framtíðinni og ójafnari lífskjör.

Sú stefna er nú hvarvetna ríkjandi, að löggjöfinni beri að haga svo, að einstaklingar safni eigi stórgróða vegna styrjaldarinnar. Annaðhvort er gróðinn tekinn með sköttum niður að vissu marki eða verðlagsákvæði koma í veg fyrir, að hann myndist.

Flm. eru þeirrar skoðunar, að stríðsgróðinn, gróðinn, sem ekki er hægt að halda fram, að nokkur einstaklingur hafi sérstaklega aflað með eigin atorku eða fyrirhyggju, og er umfram nauðsynlega sjóði til endurnýjunar og starfrækslu gagnlegra fyrirtækja, sbr. nýbyggingarsjóði, sem lagt er til, að verði undanþegnir skattinum, eigi í raun réttu að vera sameign almennings. Honum eigi að verja til þess að tryggja sem bezt atvinnu og öryggi og jöfnuð í lífskjörum fyrir fólkið í landinu. Sé það eigi gert, er sú hættu nærri, að fasteignir og framleiðslutæki þjóðarinnar dragist í hendur færri og færri manna og gróðinn verði til þess að auka enn verðbólguna og dýrtíð, öllum almenningi til tjóns.“